

**Nd.**

## **193. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

### **1. gr.**

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár um eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

### **2. gr.**

- a. Aftan við fyrri málgr. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 10 slík nýbýli á ári hverju.
- b. Síðari másl. greinarinnar falli niður.

### **3. gr.**

**5. gr. laganna orðist svo:**

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lántakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé  $3\frac{1}{2}\%$  í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

### **4. gr.**

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

- a. Í stað orðanna í 1. málsg. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsverðs.
- b. Aftan við sömu grein bætist ný málsg.:  
Ef lán er endurgreitt fyrir umsaminn tíma, er lánþega að jafnaði skylt að endurgreiða til sjóðsins þann vaxtamun, sem verið hefði á láninu, ef það hefði verið tekið í veðdeild bankans.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgangskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra.

7. gr.

Fyrri málsg. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta dagaði uppi á síðasta þingi, er það átti eftir eina umr. Er það nú borið fram eins og það var þá orðið, að viðbætti 4. greininni (um hámark lána til endurbygginga). Visast hér til greinargerðar og umræðna frá síðasta þingi. Nánar í framsögu.